

## Ríkisábyrgðir, árslok 2005

Heildarstaða ríkisábyrgða á lánum í lok árs 2005 var tæplega 578 ma.kr. og hafði hækkað um rúmlega 11 ma.kr. frá fyrra ári. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 71 ma.kr. eða 12% í erlendum gjaldmiðlum. Hækkun ríkisábyrgða stafar að mestu leiti af auknum ábyrgðum vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar.

Nýjar ríkisábyrgðir á árinu 2005 voru vegna lántöku Íbúðalánasjóðs um 47 ma.kr., Landsvirkjunar 27 ma.kr. og RARIK að upphæð 1 ma.kr.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er stærstur hluti ríkisábyrgða á lánum vegna C-hluta ríkissjóðs, tæplega 482 ma.kr. eða ríflega 83%. Þar er stærstur Íbúðalánasjóður með rúmlega 471 ma.kr. eða 82%, en öll útgefin HFF-bréf, húsbref og húsnæðisbréf eru með ríkisábyrgð. Ábyrgðir vegna ríkisfyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs námu tæplega 7,6 ma.kr.

Ábyrgðir vegna sameignar- og hlutafélaga í E-hluta ríkissjóðs námu tæplega 58 ma.kr. í lok ársins og ríkisábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra námu rúmlega 1 ma.kr. Ábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra eru á lánum vegna hitaveituf framkvæmda. Ábyrgðir sem falla undir skilgreininguna "Annað" námu tæplega 30 ma.kr. en í þeim flokki eru m.a. ábyrgðir til lánasjóða, fyrirtækja og viðskiptabanka sem áður voru í eigu ríkisins en hafa nú verið einkavædd, sem og ábyrgðir til annarra einkafyrirtækja.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar á lánum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs en hlutfall Íbúðalánasjóðs af heildartölu ríkisábyrgða hefur hækkað úr 65% árið 1997 í um 82% við lok árs 2005.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) námu ríkisábyrgðir um 58% við lok árs 2005 miðað við spá Seðlabankans um VLF á árinu. Þetta hlutfall var 67% árið 2003 en 39% árið 1997. Ríkisábyrgðir á lánum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs hafa einnig aukist undanfarin ár og námu 289% af heildarskuldum nú í lok árs 2005 en umtalsverð lækkun á skuldum ríkissjóðs undanfarin á þar hluta að máli.